

Fundargerð

20. fundur svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Austfjörðum
12. nóvember 2024 klukkan 09.00 í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs:

Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG)

Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ)

Hjalti Jón Guðmundsson (HJM)

Ívar Karl Hafliðason (ÍKH)

Jón Björn Hákonarson (JBH)

Þuríður Lillý Sigurðardóttir (PLS)

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hrafnhildur Magnúsdóttir (HM) sem ritaði fundargerð.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Afgreiðsla óverulegrar breytingar á strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022 skv. 3. mgr. 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

EAÁ gerði grein fyrir ferli við gerð óverulegrar breytingar. Óveruleg breyting verður send ráðherra til staðfestingar. Ráðherra hefur 4 vikur til að yfirfara tillöguna. Að því gefnu að ráðherra fallist á tillöguna verður gildistaka óverulegrar breytingar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Svæðisráð fór yfir tillögu að óverulegri breytingu á Strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022, *Óveruleg breyting – leiðrétting á uppdrætti við reiti UN7 og UN8*. Óveruleg breyting felst í leiðréttingu á villu í uppdrætti sem rekja má til tæknilegrar villu. Viðbótar reitir í kringum UN7 Sauðtindar og krossar og UN8 Seley verða felldir út og afmörkun þeirra gerð sú sama og í skipulagstillögunni sem auglýst var í júní 2022.

Umræður voru í svæðisráði að um væri að ræða minniháttar leiðréttingu. Málið lægi skýrt fyrir og engar athugasemdir gerðar og það samþykkt samhljóða.

Ræddar voru tillögur að minniháttar orðalagsbreytingum á uppdrætti.

Svæðisráð samþykkir tillögu að óverulegri breytingu á Strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022 skv. 3. mgr. 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða. Svæðisráð felur Skipulagsstofnun að ganga frá uppdrætti og senda innviðaráðherra til staðfestingar skv. 4. mgr. 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Við afgreiðslu tillögunnar kom fram eftirfarandi bókun:

HJG, fulltrúi matvælaráðuneytisins: „Um er að ræða leiðréttingu þar sem að staðfestur skipulagsuppdráttur var ekki í samræmi við þær breytingar sem svæðisráð ákvað að gera á uppdrætti í umfjöllun sinni.“

2. Önnur mál

MJ vakti athygli á bréfum sem send voru til vöktunaraðila á svæðinu, m.t.t. vistkerfisnálgunar. Ef tilefni er til að vekja athygli ráðuneytisins á fyrirkomulagi vöktunar, væri hægt að ganga frá því með greinargerð. Sé ástæða til þess verður svæðisráðinu send greinargerð og málið afgreitt með tölvupósti. Það var samþykkt.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki gert, fundi var slitið klukkan 9.30